
360. Orri Páll Jóhannsson (Indlæg)

Raddir ungs fólks hafa orðið háværi í allri umhverfis- og loftslagsbaráttu víða um heim, ekki minnst hér á Norðurlöndunum. Ungt fólk hefur til að mynda verið virkir þátttakendur í umræðunni um loftslagsmál og líffræðilega fjölbreytni undanfarið og ég leyfi mér að fullyrða að í mínu heimalandi, Íslandi, hefur ungt fólk með sinni baráttu raunverulega fært línuna. Okkur veitir ekki af að halda á lofti umræðunni um mikilvægi líffræðilegrar fjölbreytni og halda henni áfram, en hún hefur rétt eins og umræðan um loftslagsmál litað samfélögin undanfarin ár enda hangir þetta saman. Það er jákvæð þróun. Það er brýnt að allir aðilar samfélagsins eigi rödd í jafn mikilvægum málum, ekki síst unga fólkið. Hins vegar er því misjafnt farið í löndunum hvort og þá hvernig ungt fólk getur tekið þátt í stefnumótun og haft raunveruleg áhrif á ákvarðanatöku um jafn mikilvæg málefni. Úr því þarf að bæta. Þetta er jákvæð tillaga sem við í flokkahópi norrænna vinstri grænna styðjum.

Skandinavisk oversettelse

Unga människors röster har börjat höras mer i kampen för miljön och klimatet på många håll i världen, inte minst här i Norden. Ungdomar har till exempel på sistone varit aktiva deltagare i debatten om klimatet och biologisk mångfald, och jag vågar påstå att i mitt hemland, Island, har unga verkligen bidragit till att flytta fram positionerna. Det är absolut nödvändigt att ha en fortlöpande debatt om vikten av biologisk mångfald, som precis som debatten om klimatfrågan har satt sin färg på våra samhällen under de senaste åren, och dessa frågor hänger ju ihop. Det är en positiv utveckling. Det är nödvändigt att alla samhällsaktörer har sin röst i viktiga frågor som denna, inte minst de unga. Däremot finns det stora skillnader mellan

länderna när det gäller ungas möjligheter för att delta i strategiskt arbete och verkligen påverka beslut om viktiga frågor som denna. Där måste det ske en förbättring. Det här är ett bra förslag som vi i Nordisk grön vänster ställer oss bakom.